

Reykjavík
23. júní 2017



Plastlaus september

Kynning á verkefni og beiðni um fjárhagslegan stuðning

Árverknisátakinu **Plastlaus september** verður hleypt af stokkunum þann 1. september næstkomandi, en tilgangur verkefnisins er að vekja almenning til umhugsunar um plastnotkun og þann plastúrgang sem fellur til dagsdaglega. Plast er efni sem er mörgum kostum gætt og hentar vel til ýmis konar framleiðslu. Gríðarlegt magn af einnota plasti endar í landfyllingum og í hafinu sem er gífurlegt áhyggjuefni. Samkvæmt tölum frá Umhverfisstofnun falla að meðaltali 13 kg af plastúrgangi á hverjum mánuði á hverju íslensku heimili með fjóra íbúa. Þess vegna viljum við, sem að verkefninu stöndum, fara af stað með þetta verkefni. Fyrirmynd verkefnisins er meðal annars grasrótarátakið "Plastic free July" sem sett var á laggirnar í Ástralíu.

Lögð verður áhersla á vefsíðu fyrir verkefnið, www.plastlausseptember.is. Vefsíðan verður hryggjastykki verkefnisins og er vefurinn í smíðum. Þar verða settar inn upplýsingar, hvatningar og ráð um það hvaða skref fólk getur tekið til þess að draga úr plastnotkun sinni. Búið er að hanna logo og útlit verkefnisins. Við ætlum að auki að vera áberandi á samfélagsmiðlum og hvetja fólk til þess að draga úr plastnotkun með jákvæðum og hvetjandi skilaboðum. Þá munum við leitast við að fá sem mesta fjölmiðlaumfjöllun um málið til þess að gera það sem sýnilegast og auglýsa eins mikið og fjárhagur verkefnisins leyfir.

Við vonumst til þess að verkefnið eigi eftir að eflast og stækka á næstu árum og við fáum fleiri til liðs við okkur. Við vonumst til að fá fyrirtæki og skóla með okkur í átak gegn plastúrgangi þegar verkefnið fer af stað aftur á næsta ári.

Verkefnið er grasrótarkerfni, en að því standa níu konur úr ýmsum áttum sem völdust saman vegna brennandi áhuga á málefninu. Kosið hefur verið í stjórn verkefnisins, ráðin hefur verið verkefnastjóri og verið er að vinna í því að stofna félag, kennitölu og bankareikning.

Til þess að verkefni af þessu tagi geti orðið að veruleika þarf fjármagn. Þar sem Plastlaus september fer vel saman við metnaðarfulla stefnu Hafnarfjarðarbæjar í umhverfismálum óskum við eftir samstarfi við bæinn um að hann verði bakhjarl og samstarfsaðili með viðeigandi kynningu á aðkomu bæjarins að verkefninu. Þó teljum við mest um vert að Hafnarfjarðarbær nýti sér samstarfið í sínu kynningarmálum og hvetji íbúanna til að taka þátt í Plastlausum september. Við höfum sent samskonar beiðni til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Umhverfisstofnunar og fleiri aðila.

Við leggjum því hér með fram formlega beiðni um fjárhagslegan stuðning við verkefnið að upphæð 150.000 ISK.

Töluverð vinna hefur átt sér stað við að forma verkefnið; skipa stjórn, stofna félag en einnig varðandi vefsíðu og útlit þannig að við verðum tilbúnar 1. september þrátt fyrir skamman fyrirvara. Hinsvegar er ekki mikill tími til stefnu og yrðum við afskaplega þakklátar ef hægt yrði að fá svar sem fyrst.

Við þökkum áheyrnina og vonumst til þess að heyra frá ykkur sem fyrst.



Verkefnisstjóri Plastlaus September
Dóra Magnúsdóttir, landfræðingur og MPA

Stjórn um verkefnið Plastlaus september skipa:

Jóhanna Gísladóttir, doktorsnemi í umhverfis- og auðlindafræði.
Formaður stjórnar um Plastlausan september

Kristín Inga Arnardóttir, viðskiptafræðingur og aðalbókari Rarik
Gjaldkeri í stjórn um Plastlausan september

Salbjörg Rita Jónsdóttir, grafískur hönnuður,
útlitshönnuður um Plastlausan september

Helga Bára Bartels Jónsdóttir, PhD í jarðfræði. Stofnandi og eigandi ferðapjónustu, Travelling
Iceland. Ritari í stjórn um Plastlausan september

Elsa Þórey Eysteinsdóttir Líffræðingur og gæðastjóri hjá Alvotech.

Margrét Gauja Magnúsdóttir, kennari og bæjarfulltrúi í Hafnarfirði